

Alþingi  
Erindi nr. P 125/1151  
komudagur 21.03.2000

Umhverfisnefnd Alþingis  
Nefndasviði Alþingis  
Þórshamri við Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. mars 2000.

**Varðar : Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.**

Arkitektafélag Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 386. mál. Laganefnd AÍ hefur kynnt sér frumvarpið og fjallað um það. Laganefnd AÍ hefur ekki rekist á nein atriði í frumvarpinu, sem hún telur ástæðu til að gera athugasemdir við, en virðast flestar breytingar horfa til bóta, innan þess ramma sem lögum eru sett.

Laganefnd vill hins vegar nota þetta tækifæri til að spyrjast fyrir um hvenær megi vænta þess að lög um mat á umhverfisáhrifum nái enn fremur til skipulagsáætlana í heild, gæða á skipulögðu og byggðu umhverfi og e.t.v. lagasetninga almennt.

Með aukinni búsetu í þéttbýli hlýtur athygli manna að beinast í auknum mæli að gæðum byggðs umhverfis. Til þessa hefur mat á umhverfisáhrifum nær eingöngu beinst að áhrifum framkvæmda utan þéttbýlis, en búast má við að það sjónarhorn vikki. Arkitektar hljóta að hafa sérstakan áhuga á þessu málefni, þar sem það snertir starfsvettvang stéttarinnar beint. Það er álit okkar að á þessum málum þurfi að taka með lögum og skipulagsáætlunum og lýsum við okkur reiðubúin að taka þátt í stefnumótun þar að iúttandi.

F.h laganefndar: Valdís Bjarnadóttir

Virðingarfyllst  
fyrir hönd Arkitektafélags Íslands.

  
Guðrún Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri